



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samkeppniseftirlitið
Lárus S. Lárusson
Borgartúni 26
125 Reykjavík.

Reykjavík, 24. apríl 2013

Efni: Sjónarmið Samtaka atvinnulífsins og Samtaka ferðaþjónustunnar, tilvísun 1212016

Vísað er til bréfa Samkeppniseftirlitsins (SE) frá 17. apríl 2013 þar sem Samtökum atvinnulífsins (SA) og Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna framangreinds máls.

SA og SAF hafa áður lýst afstöðu sinni til útboðs Samtaka sveitarfélaga á Suðunesjum (SSS) á flugrútnni, sbr. bréf samtakanna frá 27. desember 2012. (fskj. 1)

Samtökin taka undir það sjónarmið sem fram kemur í bréfi SE til SSS, dags. 12. apríl 2013 að með útboði SSS á áætlunarakstri á leiðinni milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE) sé samkeppni raskað með alvarlegum hætti.

Það er jafnframt ljóst, eins og kemur fram í nefndu bréfi SE, að virk samkeppni er á umræddri leið sem hefur leitt til þess að farþegum hefur fjölgað, verð lækkað að raungildi og þjónusta batnað, neytendum og almenningi til mikilla hagsbóta. Samtökin telja að samkvæmt lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1370/2007/EB, sem innleidd var með reglugerð nr. 128/2011, sé stjórnvöldum óheimilt að veita einkaleyfi á akstursleiðum sem bera sig í samkeppni. Samtökin telja jafnframt að slíkt feli í sér opinberar samkeppnishömlur í andstöðu við samkeppnislög nr. 44/2005 og brjótí í bága við atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. 75. gr. hennar. Með vísan til þessa telja samtökin að Vegagerðinni hafi verið óheimilt að veita einkaleyfi á umræddri akstursleið og að skilmálar og framkvæmd útboðsins af hálfu einkaleyfishafa, SSS brjótí gegn reglum samkeppnislaga.

Ljóst er af svörum innanríkisráðuneytisins frá 12. apríl sl. til SE að ráðuneytið telur það sjálfstætt úrlausnarefni hvort framkvæmd tiltekinna útboða standist skoðun út frá sjónarhorni útboðs- og samkeppnisréttar sem verði að telja háð mati annarra stjórnvalda. Það eitt að fastbinda verð á fargjaldi eins og SSS gerði í útboðsskilmálum fær ekki staðist og verður að teljast ólögmaður skilmáli skv. samkeppnislögum. Slíkt hefði einungis verið heimilt á grundvelli skýrrar lagaheimildar. Opinber verðstýring eins og útboðsskilmálarnir fela í sér eiga ekki lagastoð. Þá er ljóst að SSS efndi ekki til raunverulegs samkeppnisútboð eins og lagt var til grundvallar við afgreiðslu laga nr. 162/2011 um breytingu á lögum nr. 73/2001, sbr. álit umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis en þar er meðal annars svarað gagnrýni SA og SAF á frumvarpið. Í nefndarálitinu kemur einnig skýrt fram að lögum sé ekki ætlað að hamla samkeppni með óeðlilegum hætti.

Í sameiginlegri umsögn SAF og SA frá 15. nóvember 2011, var lýst áhyggjum af því að með þeim lagabreytingum sem frumvarpið gerði ráð fyrir, og fólu í sér að sveitarfélögum eða samtökum þeirra yrði veitt einkaleyfi á tilteknum akstursleiðum, væri komið í veg fyrir samkeppni og hún jafnvel afmáð þar sem hún væri þegar til staðar. Þá væru breytingarnar til þess fallnar að styðja við einokun sveitarfélaga eða samtaka sveitarfélaga á fólksflutningum. (fskj.2)


Með vísan til framangreinds og álits SE frá 12. apríl sl. telja SA og SAF að veiting Vegagerðarinnar á einkaleyfi til handa SSS á umræddri akstursleið sem og útboð og útboðsskilmálar SSS á akstri á leiðinni brjóti gegn grundvallarreglum Evrópsks samkeppnisréttar, sbr. reglugerð 1370/2007/EB sem er innleidd í íslenskan rétt með reglugerð 128/2011 og feli í sér alvarlega röskun á samkeppni.

Samtökin ítreka því álit sitt frá 27. desember s.l. að SE beri að grípa til hverra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir þá þróun sem hér á sér stað með atbeina Vegagerðarinnar. Samtökin telja útboðsskilmála SSS falla undir lögsögu SE eins og fram kemur í fyrrgreindu bréfi innanríkisráðuneytisins. Það eru enda hagsmunir ferðaþjónustunnar, neytenda og almennings sem krefjast þess að samkeppni sé í fólksflutningum á þeim leiðum sem bera sig í samkeppni og að komið sé í veg fyrir opinberar samkeppnishömlur og einokun á slíkum leiðum.

Samtökin eru reiðubúið til frekari viðræðna við SE vegna málsins. Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er eftir frekari sjónarmiðum eða gögnum vegna málsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



